

Þinggerð 16. Sambandsþings Íþróttasambands fatlaðra haldið á Radisson Blu Hóтели Sögu

9. mars 2013

1. Þingsetning

- Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs ÍF bauð alla velkomna.
- Íva Marín Adrichem blind sundkona frá ÍFR lék á píanó við setninguna og söng lagið Imagine eftir John Lennon. Að flutningi loknum afhenti SÁL henni myndarlegan blómvönd fyrir vikið.
- Formaður ÍF, Sveinn Áki Lúðvíksson setti þingið og í kjölfar þess flutti hann ávarp.
 - Sveinn Áki afhenti Önnu Karólínu Vilhjálmsdóttur framkvæmdastjóra Special Olympics á Íslandi gullmerki ÍF.
 - Sveinn Áki afhenti einnig Katrínu Jakobsdóttur og Guðbjarti Hannessyni gullmerki ÍF fyrir þeirra störf og velvilja í garð ÍF.
- Hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands flutti ræðu.
- Frú Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra flutti ræðu.
- Hr. Hafsteinn Pálsson meðstjórnandi ÍSÍ og formaður Almenningsíþróttasviðs flutti kveðjur frá Ólafi Rafnssyni formanni ÍSÍ og starfsfólki ÍSÍ. Í framhaldi af því afhenti hann gullmerki ÍSÍ til tveggja formanna aðildarfélaganna ÍF:
Jósep Sigurjónsson formaður Akurs, gullmerki ÍSÍ.
Haukur Þorsteinsson formaður Eikar, gullmerki ÍSÍ.
- Ólafur Magnússon þakkaði hlý orð og óskaði merkjahöfum til hamingju. Hann vakti einnig athygli á að frammi í anddyri Radisson Blu hótelsins væri brot (laufblað) úr Ólympíumótseldinum frá London 2012. Brotið yrði til sýnis á Radisson Blu næsta mánuðinn og myndi svo fara næst til Rúmfatalagersins og svo áfram á milli styrktarfélaganna ÍF svo sem flestir fái að sjá og njóta.

2. Kosning þingforseta og þingritara

- Borin var upp tillaga stjórnar um þingforseta, Hafstein Pálsson sem var samþykkt samhljóða.
- Borin var upp tillaga um þingritara, Jón Björn Ólafsson og Kristínu Guðmundsdóttur, samþykkt samhljóða.

3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

- Tillaga var gerð um að kjörbréfanefnd skipuðu Haukur Þorsteinsson, (HP) Eik, Petrína Sigurðardóttir, (PS) Nes, Björn Valdimarsson, (BV) ÍFR. Samþykkt samhljóða. Óskað var eftir því að nefndin tæki strax til starfa.

4. Kosning nefnda

- Tillaga kom fram um að hafa eina málstofu þar sem fjallað verði um þær tillögur sem fyrir lágu í stað þess að starfað yrði í nefndum.
- Samþykkt var samhljóða að þingið í heild fjallaði um framkomnar tillögur og fjárhagsáætlun.

5. Lögð fram skýrsla stjórnar (þingskjal 1.0.)

- Ólafur Magnússon (ÓM), Anna K. Vilhjálmsdóttir (AKV), Jón Björn Ólafsson (JBÓ), stafsmenn ÍF fóru í stórum dráttum yfir skýrslu stjórnar ÍF sem hafði áður verið send sambandsaðilum. Þingheimur söng afmælisöng fyrir Margréti Kristjánsdóttur (MK).
- Hafsteinn Pálsson (HP) þakkaði fyrir flutning skýrslu og umræður um skýrslu stjórnar yrðu teknar með umræðum um reikninga.

6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar (þingskjal 2.0.)

- Jóhann Arnarsson (JA) gjaldkeri ÍF fór í stórum dráttum yfir reikninga sambandsins.
- Að loknum stöfum Kjörbréfanefndar gerði Petrína Sigurðardóttir talsmaður nefndarinnar grein fyrir störfum hennar.

Kjörbréf frá 12 félögum lágu fyrir.

ÍBA – áttu rétt á 9 fulltrúum – 9 mættu
HSK – áttu rétt á 6 fulltrúum – 4 mættu
ÚÍA – áttu rétt á 3 fulltrúum – 2 mættu
HSP – áttu rétt á 3 fulltrúum – 3 mættu
ÍBH – áttu rétt á 5 fulltrúum – 5 mættu
UMSK – áttu rétt á 4 fulltrúum – 4 mættu
HSV – áttu rétt á 4 fulltrúum – 3 mættu
ÍA – áttu rétt á 2 fulltrúum – 2 mættu
UMSS – áttu rétt á 3 fulltrúum – 2 mættu
ÍRB – áttu rétt á 7 fulltrúum – 6 mættu
ÍBV – áttu rétt á 3 fulltrúum – 2 mættu
ÍBR – áttu rétt á 15 fulltrúum – 15 mættu

57 þingfulltrúar mættir

- Kjörbréfanefnd lagði til að ofangreind kjörbréf yrðu samþykkt og voru þau samþykkt samhljóða.
- Opnað fyrir umræður og fyrirspurnir vegna skýrslu stjórnar ÍF og endurskoðaða reikninga.
- Óskað var nánari skýringa á einstaka liðum og farið var yfir mál í samræmi við fyrirspurnir.
- Þórður Ólafsson, (ÞÓ) ÍFR, þakkaði stjórn ÍF fyrir glæsilega skýrslu og formanni ÍF góða setningaræðu og sérstaklega ábendingu varðandi styrki til íþróttamanna og listamannalauna. Hann taldi að þáttökugjöld sem sett voru á 2011 ætti að vera lögð niður, að ekki eigi að skattleggja félögin þegar vel gengur. Hann vildi einnig að sundurliðun yrði gerð á þáttökugjöldum erlendra og innlendra móta.

- Kristín Óskarsdóttir, (KÓ) Ægi, taldi ekki rétt að leggja niður þátttökugjöld. Ægir og fleiri aðildarfélög hafa haldið Íslandsmót og þar er þessi innkoma mikilvæg. Skráningar skila sér líka betur.
- Soffía Pálsdóttir, (SP) Þjóti vildi koma með bendingu varðandi orðalag, talað væri um fólk með þroskahömlun ekki þroskahefta einstaklinga.
- Þór Jónsson, (ÞJ) Firði, benti á að upphæð sem óráðstafað frá afrekssjóði ÍF upphæð væri óbreytt, spurning um vexti milli ára.
- Ólafur Magnússon, (ÓM) framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs svaraði fyrirspurnum sem tengdust reikningum og bókhaldi. Gjaldfærð áhöld, tölvukaup og rekstur skrifstofu verði fært og lagað við bókhaldslegar venjur. Sjúkrakostnaður getur verið t.d. ýmis þjónusta vegna afreksfólks, viðtöl við sálfræðinga, nudd og samstarf við stoðteymi ÍSÍ. Félagsgjöld eru til erlendra samtaka IPC, EPC til IBSA, CP-ISRA og til norræna samstarfsins. Þátttökugjöld voru sett aftur á og samþykkt á formannafundi, en vissulega hefur rekstur gengið vel og tekist að snúa frá tapi í hagnað. Þátttökugjöld varðandi Norðurlandamóts í Boccia kæmi inn í umrædda tölu. Annað óráðstafað er bókhaldslegt gagn sem ÓM hefur ekki frekari skýringar á en leitar sér upplýsinga.
- Sveinn Áki Lúðvíksson (SÁL) formaður ÍF þakkar ÞÓ fyrir góð orð, Íþróttafólkið sé okkar þjóðareign þegar vel gengur. Þátttökugjöld tekin upp vegna þess að ÍF sé í taprekstri til að standa undir mótskostnaði. Þó að 2012 sé gott ár að þá er alltaf mikil óvissa, styrkir frá ríkinu minnkað milli ára.

HP þingforseti: Orðið laust um skýrslu

- Bragi Sigurðsson, (BS) Völsungi: Vel uppsettir reikningar, hrósar ÍF fyrir lágan launakostnað og verktakagreiðslur en vantar sundurliðun á ógreidda reikninga um áramót.
- ÓM: Verður skoðað með bókkara og endurskoðenda.
- Fleiri tóku ekki til máls.

Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði – samþykkt samhljóða

Hádegishlé

- Þingstörf hófust að nýju eftir hádegishlé kl. 13:30

7. Lögð fram fjárhagsáætlun (þingskjal 3.0.)

- ÓM, framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs ÍF gerði grein fyrir fjárhagsáætlunum 2013 og 2014.
- Orðið var gefið laust um fjárhagsáætlun.

HP, þingforseti: Umræður um fjárhagsáætlun á eftir með lagabreytingum.

8. Lagðar fram laga- og reglugerðabreytingar sem fram hafa komið.

- **Fylgiskjal 4.0:** Tillaga lögð fram af stjórn ÍFR, vegna breytinga á 5. gr laga ÍF Garðar Steingrímsson, (GS) formaður ÍFR kynnti tillögu sem var svohljóðandi;

Stjórn ÍF skal tilkynna sambandsaðilum sínum dagskrá þingsins **og tillögur kjörnefndar** ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing. Sambandsþingið er löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Stjórn ÍF skipar kjörnefnd eigi síðar en **6 vikum** fyrir sambandsþing ÍF og skal nefndin hefja störf þá þegar. **Kjörnefnd skal skila tillögum sínum til stjórnar ÍF eigi síður en 15 dögum fyrir sambandsþing ÍF.**

Orðið laust:

- Þórður Árni Hjaltsted: (ÞÁH) varaformaður ÍF upplýsti að stjórn ÍF hefði skotað þessi mál. Á stjórnarfundi í byrjun árs og eftir formannafund var búin til reglugerð um kjörnefnd og starfaði kjörnefnd eftir því fyrir þetta þing.
- Stjórn ÍF leggur til breytingatillögu ÞÁH með tillögu:
- **Fylgiskjal 4.1:** Stjórn ÍF skipar kjörnefnd eigi síðar en **mánuði** fyrir sambandsþing ÍF og skal nefndin hefja störf þá þegar. **Kjörnefnd starfar samkvæmt reglugerð sem stjórn ÍF setur.**
- Umræður urðu um reglugerðina. Þá væri þörf á skýrari línunum um hvernig velja á þingfulltrúa en mismunandi túlkun hefur komið fram. Stjórn ÍF hefur heimild til að breyta reglugerðum en þarf að kynna slíkt fyrir aðildarfélögum. Jafnvel þörf á viðauka til að skýra nánar hvernig val þingfulltrúa á að fara fram. Felixkerfið á að vera leiðbeinandi í þessu máli. Ábending um að misræmi sé varðandi fjölda fulltrúa eftir því hvort reiknað sé eftir gamla kerfinu og því nýja.

Samþykkt að þessum ábendingum sé vísað til stjórnar og að fyrir næsta þing verði sendar út leiðbeiningar frá skrifstofu ÍF.

- **Fulltrúafjöldi sambandsaðila á Sambandsþingi ÍF**

Þingið sitja fulltrúar kjörnir af þeim sambandsaðilum sem starfa innan vébanda ÍF. Fulltrúafjöldi hvers sambandsaðila fer eftir tölu virkra íþróttaiðkenda.

Samþykkt að fela skrifstofu ÍF að „vinna upp“ leiðbeinandi ábendingu um val fulltrúa sambandsaðila á Sambandsþingi ÍF sem kynnt yrði á næsta formannafundi ÍF – tillaga um ÞÁH skrifstofunni til halds og trausts

- **Fylgiskjal 4.2:** Vegna skjals 5.0 sem liggur fyrir þinginu er þörf á að breyta lögum verði það samþykkt. Breyting á 6. grein laga væri sú að fella út síðustu setningu greinarinnar sem er: „*Jöfnunargjald skal greiða fyrir alla réttkjörna fulltrúa, sem mæta til þings.*“ Stjórn ÍF leggur til að þessi setning verði felld út úr 6. grein laga ÍF verði tillaga í þingskjali 5,0 samþykkt.
- **Fylgiskjal 4.3:** Grein 8 í lögum sem er dagskrá þings hefur lið „13) *Ákveðið gjald ævifélaga.*“ Stjórn ÍF leggur til að þessi liður verði felldur út úr dagskrá þings ÍF og aðrir liðir færðir fram sem því nemur.

Stjórnin telur að um snyrtingu á greininni sé að ræða þar sem ÍF hefur aldrei sett gjald á ævifélaga eða skilgreint hverjir þeir ættu að vera. Öllu jöfnu er ekki fjallað um breytingar á greinum laga sem ekki hafa verið kynntar í útsendum gögnum.

HP, þingforseti; Breytingartillöga stjórnar ÍF við tillögu ÍFR - Samþykkt samhljóða.

- ***Tillaga með áorðnum breytingum - samþykkt samhljóða.***
- **Fylgiskjal 5.0:** Tillaga lögð fram af stjórn ÍF, vegna niðurfellingu lottógreiðslna
- ÞÁH: gerði grein fyrir tillögu.
- Umræður urðu um hvaða félög eru aðildarfélög ÍF og hvort öll félög eigi að fá lottógreiðslur. Félög með fatlaða iðkendur fá ekki skrá í Felix ef ekki er merkt við slíkt.
- Þau fá því ekki greiðslur frá Lottó eða rétt til setu á sambandsþingi ÍF.
- Tilgangur með tillögunni m.a. að tryggja mætingu þingfulltrúa á þing ÍF. Rætt var um jöfnunargjald og hvernig það er fundið út.
- **5.1** Breytingartillaga frá ÍFR lögð fram um að lottó greiðslur myndu renna til aðildarfélaga ÍF til að nýta í grasrótastarfið.
- HP, þingforseti gaf orðið laust um tillögu ÍFR –

Umræður urðu um málið.

Í kjölfar umræðunnar lagði ÞÁH fyrir hönd stjórnar ÍF fram forgangs tillögu 5.2 um að málinu yrði vísað til stjórnar ÍF og skipuðu nefnd. HP, þingforseti bar tillöguna upp.

- *Tillaga stjórnar ÍF (5.2) samþykkt samhljóða.*

Samþykkt:

Að fela stjórn ÍF að skipa nefnd til að fjalla um málið.

- **Fylgiskjal 6.0:** Tillaga lögð fram af stjórn ÍF um Handbók ÍF
- ÞÁH kynnti tillöguna: Lagt til að við hættum formlega með handbók ÍF. Þær upplýsingar sem ÍF þarf að koma áleiðis til aðildarfélaga er að finna inni á heimasíðu sambandsins. Flipinn HANDBÓK á heimasíðu – upplýsingar í handbók kæmu sýnilegar fram á heimasíðunni.

HP þingforseti gaf orðið laust um tillögu stjórnar ÍF:

- Umræður urðu um tillöguna. Samþykkt að handbókin yrði á netinu en aðildarfélög ÍF yrðu upplýst um breytingar sem yrðu gerðar. Regluleg uppfærsla talin nauðsynleg.

- *Tillagan samþykkt samhljóða.*

- **Fylgiskjal 7.0:** Tillaga lögð fram af stjórn ÍFR.
- ÞÓ, ÍFR fór fyrir tillögunni og greindi frá ástæðum þess að ÍFR ákvað að setja téða tillögu inn á þing. Umræður urðu um tillöguna og skiptar skoðanir.

- *Samþykkt að vísa málinu til stjórnar sem skipi nefnd sem fjalla mun nánar um málið.*

Fylgiskjal 7.0 – samþykktar tillögur –

Tillaga ÍFR um starfshætti ÍF:

Stjórn ÍF er óheimilt að nota þá reglu að foreldrar megi ekki vera aðstoðarmenn með börnum sínum í ferðum á vegum ÍF. Þessi regla hefur verið notuð af stjórn ÍF á undanförunum árum og hefur hún bitnað á börnum sem hafa verið valin í ferðir á vegum ÍF. Í þeim tilfellum þar sem foreldri telur æskilegt að hann /hún fari með barni sínu í ferðir vegna fötlunar barns skal leita álits læknaáðs ÍF við val á aðstoðarmanni.

Samþykkt:

Að vísa málinu til stjórnar sem skipi nefnd sem fjalla mun nánar um málið.

Fylgiskjal 8.0: Tillaga lögð fram af stjórn ÍF, Guðlaugur Ágústsson, (GÁ) stjórnarmaður ÍF kynnti tillögu.

- Umræður urðu um málið.
- *Pingskjali vísað til stjórnar ÍF, samþykkt samhljóða*

Fylgiskjal 8 – Samþykktar tillögur -

Tillaga ÍF um Íslandsmót ÍF í sundi

Lagt er til að Íslandsmót ÍF í sundi 50m braut verði mót þar sem krafist verður lágmarka til að öðlast þátttökurétt á mótinu.

Rök:

Nefnd skipuð fulltrúum ÍF og SSÍ hafa undanfarna mánuði rætt um að sameina Íslandsmót ÍF og SSÍ og mótin verði haldin er SSÍ heldur sitt Íslandsmót. Á formannafundi ÍF 2012 kom fram sú skoðun að varlega skyldi stigið til jarðar í þessu máli og kostir „samþættingar” þessara móta vegnir og metnir. Íslandsmót SSÍ er lágmarkamót og því eðlilegt að byrja á því að skoða málið út frá því að sett verði lágmark á Íslandsmót ÍF í sundi og málið síðan skoðað í framhaldi af því.

Samþykkt:

Vísa málinu til sundnefndar til umfjöllunar og í framhaldinu til samþykktar stjórnar ÍF

- **Fylgiskjal 9.0:** Tillaga lögð fram af stjórn ÍF, ÞÁH kynnti tillögu.
- Umræður urðu um málið og lögð áhersla á aðgreiningu dómara og aðstoðarfólks.
- *Samþykkt að vísa þingskjali til umfjöllunar hjá íþróttanefndum ÍF og fá fram tillögu*

Fylgiskjal 9.0 - Samþykktar tillögur -

Tillaga um keppnisfatnað

Íþróttanefndum Íþróttasambands fatlaðra er falið að semja leiðbeinandi ákvæði um viðeigandi keppnisfatnað fyrir viðkomandi íþróttagrein. Tillögur þessu lútandi ber að kynna á næsta formannafundi ÍF.

Samþykkt

Að vísa málinu til íþróttanefnda ÍF til umfjöllunar sem móta myndu tillögu fyrir stjórn ÍF sem lögð yrði fram á næsta formannafundi ÍF.

Allar tillögur sem liggja fyrir hafa verið samþykktar og næst eru umræður um fjárhagsáætlun.

- *Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013, samþykkt samhljóða.*
- *Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014, samþykkt samhljóða.*

10. Önnur mál.

- Umræður um hvernig bregðast eigi við því þegar agavandamál koma upp, ekki síst þegar um er að ræða einstaklinga með geðræn vandamál. Þörf á að taka þessi mál fyrir. Bent var á að ÍF setti upp siðareglur, sama gætu aðildarfélög ÍF gert með hliðsjón af því sem þar þyrfti að vera til staðar. Erfitt að finna eina lausn sem hentar öllum en málið varðar alla hreyfinguna og hefur verið til umræðu innan félaga og sérsambanda. Mikilvægt að viðbragðsáætlun sé til staðar.

Ólafur Ólafsson, (ÓÓ) Ösp benti á að í Nauthólsvík er búið að setja upp bocciavöll, gervigrasvöll sem er sérhannaður og er eins og keppt er á Spes OL. stórar trékúlur og lítil markvöllur.

ÓÓ er komin í hverfisráð og er að berjast fyrir að settur verði upp sérstakur völlur þar sem spilað er boccia á leirvelli. Reiknar með að settir verði upp tveir vellir á Klambratúni og í Laugardal.

- BS, Völsungi spyr hvort nýr hvatningarbikar ÍF verði afhentur þegar fullprentað er á þann sem fyrir er sem Völsungur hefur átt í 18 ár.
- KAFFIHLÉ
- Jósep Sigurjónsson, (JS) Akri vildi láta fara betur yfir val þingfulltrúa m.t.t. þess ef félög sem ekki hafa áður skráð í Felix s.s. almenn félög sem hafa 1 – 2 iðkendur, bætast þar við. Hvernig mun t.d. ÍBR haga málum varðandi fulltrúakjör, mörg félög geta bæst við á þennan hátt gegnum Felix. Jósep telur þurfa að fara betur yfir þessi mál m.t.t. þess að fatlaðir iðkendur sækja æfingar hjá almennum félögum og falla því undir heildarfjölda félagsins.
- UMRÆÐUM LOKIÐ og dagskrárliðnum lokið

Ákveðið gjald ævifélaga

Engir ævifélagar að ræða og ákveðið að gjald þeirra ekki ákvarðað. Samþykkt samhljóða

11. Nefndir starfa

- Þessi liður var felldur niður.

12. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla.

13. Ákveðið gjald ævifélaga

Vísað til stjórnar – samþykkt samhljóða

14. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga, fulltrúa á íþróttabing ÍSÍ.

- Sveinn Áki réttkjörinn formaður
- ÞÁH réttkjörinn varaformaður
- Jóhann Arnarsson
- Ólafur Þ. Jónsson

- Margrét Kristjánsdóttir meðstjórnendur réttkjörnir
- Guðlaugur Ágústsson
- Matthildur Kristjánsdóttir
- Jón Heiðar Jónsson í varastjórn réttkjörnir

- ÍSÍ Þing samþykkt að vísa til stjórnar ÍF, samþykkt.

- Ólympíuráð – skv reglugerð þá skal kjósa einn fulltrúa á þingi ÍF og tveir skipaðir af stjórn ÍF. Tillaga um Kára Jónsson og engar aðrar og hann skoðast réttkjörinn í Ólympíuráð ÍF.

15. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar

- Riturum var falið að ganga frá þingfundargerðum í samstarfi við stjórn og skrifstofu Íþróttasambands fatlaðra

16. Þingslit.

- Sveinn Áki Lúðviksson, þakkaði fyrir endurkjörið og traustið. Verkefni formanns er skemmtilegt og gefandi og mikils virði fyrir hvern og einn. Hét því að taka t.d. mál Olla og Aspar upp á sviði ÍSÍ og hvernig hægt sé og hvað megi gera í svona málum. Þakkaði fráfarandi stjórn sín störf og lítur björtum augum fram á veginn. SÁL þakkaði einnig Hafsteini Pálssyni fyrir sín stjórnunarstörf.
- Lára Ingimundardóttir NES og þingfulltrúi tók til máls og óskaði þingfulltrúum og þeirra félögum góðrar gæfu í sínum störfum.
- Hafsteinn Pálsson, þakkaði þingfulltrúum fyrir ánægjulegt og farsælt þing og sleit því næst þinginu.

Hafsteinn Pálsson
Þingforseti

Jón Björn Ólafsson
Þingritari

Kristín Guðmundsdóttir
Þingritari